



## Félag háskólakennara

### 10. fundur stjórnar Félags háskólakennara 2022/2023 haldinn miðvikudaginn 3. maí í Bændahöllinni kl. 11:45

**Fundinn sátu:** Baldvin Zarioh formaður, Jens Guðmundur Hjörleifsson, Berglind Eva Benediktsdóttir, Guðmundur Ingi Guðmundsson, Íris Davíðsdóttir og Jóna Margrét Ólafsdóttir. Ármann Höskuldsson og Pontus Erik Gunnar Jarvstad, boðuðu förföll. Helga Birna Ingimundardóttir, ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerð stjórnarfundar Félags háskólakennara, dags. 1. mars 2023.
2. Kjaramál  
i. Samráðsnefnd tillögur að umræðuefni.
3. Aðalfundur 2023  
i. Kjörbréf og skipulag.
4. Erindi frá doktorsnema, vegna launahækkunar og samspil styrkja.
5. Háskólaþing 26. apríl 2023.
6. Fréttir frá BHM.
7. Fréttir af nefnd um samræmda kennslu.
8. Nordisk Möde.

#### 1. Fundargerð stjórnarfundar Félags háskólakennara, dags. 1. mars 2023

Fundargerð samþykkt.

#### 2. Kjaramál/samráðsnefnd HÍ um kjaramál

Rætt var um nýjan samþykktan kjarasamning, stöðu og ávinning hans. Stjórnarfolk sammála um samningurinn er skammtímasamningur og sinna þarf þeim verkefnum sem fram koma í verkáætlun með kjarasamningnum af festu. Undirbúa verði næstu kjarasamningsgerð vel, móta kröfur og hafa töluleg gögn til stuðnings við þær.

Baldvin sagði frá stöðunni í svokallaðri 7. gr. vinnu innan BHM. Ákveðið hefur verið að skipa umræðuhóp innan bandalagsins er hefur það hlutverk að skilgreina verkefni og vinna það áfram. Stungið hefur verið upp á framkvæmdastjóra Fh í hópinn.

Baldvin sagði frá nauðsyn þess að óska eftir fundi í samráðsnefnd HÍ um kjaramál. Mörg mál eru á dagskrá s.s.:

- Yfirvinna í læknadeild.
- Álagsgreiðslur vegna skipunar í deildarforseta.
- Laun doktorsnema - samspil launahækkana og styrkja.
- Bókanir í aðdraganda kjarasamninga 2023, hefja vinnu.
- Greiðslur vegna þátttöku í Háskóladeginum.
- Veikindi styrkþega, formgera reglur.
- Könnun um styttingu vinnuvikunnar-staða mála.
- Símamál- Útboð á áskriftapakka fyrir starfsfolk, staða mála.
- Málefni Raunvísindastofnunar.

Breytingar á reglum vinnumatssjóðs.  
Einstaklingsmál.

Stjórn sammála um að félagið ítreki mikilvægi þess að haldnir verði reglulega fundir í samráðsnefnd og haldi fundargerðir. Í starfsauglýsingum frá HÍ um ný störf er í síauknum mæli vísað til þess að kjör fari eftir kjarasamningum Félags háskólakennara og því er nauðsynlegt að skólinn sinni vel þeim álitamálum er upp kunna að koma í samskiptum við félagið.

### 3. Aðalfundur 2023

Í fundargögnum fundarins var m.a. auglýsing fyrir væntanlegan aðalfund 11. maí næstkomandi, ásamt kjörbréfi kjörnefndar, dagsett 2. maí 2023. Fullskipað er í trúnaðarstörf félagsins og ljóst er að kjósa þarf í stöður meðstjórnenda. Fimm eru í kjöri til þriggja sæta. Íris baust til þess að aðstoða við kosninguna.

Baldvin mun flytja skýrslu stjórnar, Íris skýrslu starfsþróunarstjóðs og Guðmundur Ingi mun fara yfir ársreikninga. Stjórn sammála um að halda auka stjórnarfund þegar að ársreikningar liggja fyrir.

### 4. Erindi frá doktorsnema

Málið rætt í 2. dagskrárlið.

### 5. Háskólaþing 26. apríl 2023

Jens sat fundinn fyrir hönd félagsins. Í fundargögnum er samantekt frá Jens sem hann hafði sent á stjórn félagsins. Jens fór yfir samantektina og málið var rætt. Sérstaklega var rætt um ályktun er samþykkt var á þinginu um húsnæðismál og vísað var til háskólaráðs.

Jens var þakkað fyrir sérlega ítarlega og góða samantekt af þinginu.

### 6. Fréttir frá BHM

Íris sagði frá fyrirkomulagi aðalfundar BHM sem haldinn verður þann 25. maí nk. og Baldvins sagði frá umræðum frá síðasta formannaráðsfundi.

### 7. Fréttir af nefnd um samræmda kennslu

Berglind hefur setið í nefnd um samræmda kennslu fyrir hönd félagsins, en mun ekki bjóða sig fram til áframhaldandi stjórnarsetu á næsta aðalfundi félagsins. Baldvin vildi koma því á framfæri að þrátt fyrir að breytingar verði í stjórn félagsins sé mikill vilji sé til þess að fulltrúi félagsins í nefnd um samræmda kennslu, verði óbreyttur. Berglind vill taka stöðuna og hugsa málið á milli funda.

### 8. Nordisk möde

Rætt um stöðuna á undirbúningi á norrænum fundi sem Félag háskólakennara og Félag prófessora við ríkisháskóla (FPR) standa fyrir í júní nk. Ákveðið að boða til fundar með fulltrúum FPR hið fyrsta til þess að ganga frá endanlegri dagskrá.

## Önnur mál

### i. Ályktun á aðalfundi Fh

Jens og Berglind vildu fá álit stjórnar Fh á mögulegri ályktun um sameiningu allra akademískra starfsmanna HÍ í eitt félag, á aðalfundi félagsins. Jens sagði frá umræðum um málefnið í sínum ranni og hvort ekki væri tímabært að skoða kosti þess og galla. Baldvin sagði frá skýrslu um sama efni sem félagið lét gera árið 2017. Málið rætt. Stjórn sammála um að ekkert væri því til fyrirstöðu að álykta um málefnið. Ákveðið var að akademískir stjórnarmenn í stjórn leggi fram ályktunina, ef verður.

Fleira ekki gert, fundi lauk kl. 13:30.

Næsti fundur óákveðinn.